

Mál nr. 205/2007

M og

Vátryggingafélagið V vegna launþegatryggingar B

Starfsmaður fékk tak í bakið vegna skyndilegrar hreyfingar þ. 10.4.2006.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 19.10.2007, ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 1004/06
3. Lögregluskýrsla dags.

Málsatvik.

M var að lyfta þungum kössum á lager þegar maður kom inn og skellti hurðinni en við það segir M að sér hafi brugðið snúið sér snögg við og sparkað í vörubretti og fengið við það tak í bakið. M krefst bóta vegna þessa tjóns úr launþegatryggingu B hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða í þeim skilningi að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á sök B eða aðilum tengdum vátryggingartaka. Þá verður ekki á það fallist að um slys hafi verið að ræða skv skilmálum slysatryggingar launþega þar sem vísað er til að með orðunum slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem tryggður er.

Niðurstaða.

Tjónið er ekki bótaskyldt úr launþegatryggingu B hjá V.

Reykjavík 23.11. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.